Ed. **549. Nefndarálit** [159. mál]

um frv. til l. um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla.

Frá minni hl. félagsmálanefndar.

Félagsmálanefnd hefur ekki verið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins. Við, sem skipum minni hl. nefndarinnar, leggjum til að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess að félagsmálaráðherra skipi nefnd, sem í eigi sæti fulltrúar launþega, atvinnurekenda og ríkisvalds, til þess að fjalla um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla og að málið verði að þeirri umfjöllun lokinni á ný lagt fyrir Alþingi í byrjun næsta þings, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 24. apríl 1979.

Þorv. Garðar Kristjánsson, frsm. Guðmundur Karlsson.